

Efnisyfirlit

1.	Leikskólinn Örku	2
1.1.	Saga leikskólans	2
2.	Grunnbættir menntunar	3
3.	Leiðarljós leikskóla	4
4.	Leikur einn	5
5.	Hugmyndafræði	5
5.1.	Hugsmíðahyggja	5
5.2.	Könnunarnám/Könnunaraðferð (project approach)	6
5.3.	Könnunarleikur „Heuristic play with objects“	6
6.	Námssvið leikskólans	7
6.1.	Læsi og samskipti	7
6.2.	Heilbrigði og vellíðan	8
6.3.	Sjálfbærni og vísindi	9
6.4.	Sköpun og menning	10
7.	Nám í leikskóla	11
7.1.	Leikur	11
7.2.	Félagsfærni	11
7.3.	Daglegt líf	12
7.4.	Lýðræði og jafnrétti	13
8.	Sérkennsla	14
9.	Elstu nemendur leikskólans	15
9.1.	Samstarf milli skólastiga	15
9.2.	Skólafærninámskeið	15
10.	Fjölmennig	16
11.	Foreldrasamstarf	16
11.1.	Foreldrafundir og viðtöl	16
11.2.	Aðlögun	17
11.3.	Foreldrafélag Arkar	17
11.4.	Foreldraráð	17
11.5.	Fræðslunefnd	17
12.	Mat á skólastarfi	18
13.	Ritaskrá	19

1. Leikskólinn Ör

Rangárþing eystra á og rekur leikskólann Ör. Sveitastjóri hefur yfirumsjón með rekstri hans fyrir hönd sveitarstjórnar og er hann næsti yfirmaður leikskólastjóra. Ör er fjögurra deilda leikskóli starfræktur á Hvolsvelli í tveimur húsum með sameiginlegt útivistarrými. Deildirnar eru aldurskiptar og eru yngri nemendur á Litla Dímoni, á Draumalandi og Óskalandi, en eldri nemendur eru á Stóra Dímoni.

1.1. Saga leikskólans

Saga leikskólans hefst árið 1973 en þá var sett á stofn sumargæsla sem starfrækt var í Gagnfræðaskólanum á Hvolsvelli að tilstuðlan kvenfélagsins Einingar. Síðar var hús við Stóragerði 5 keypt undir starfsemi og þar starfræktur leikskóli allt þar til nýr leikskóli var reistur við Hvolsvveg 35. Hann var vígður við hátíðlega athöfn 29. mars 1994 og hlaut nafnið Ör.

Leikskólinn var tveggja deilda og fljótlega fór að myndast biðlisti við hann þannig að ákveðið var að kaupa Stóragerði 1a til að bæta við deild. Sú deild var tekin í gagnið 8. september 2003, fékk nafnið Hulduland og var sniðin að þörfum yngstu nemendanna. Deildirnar á Hvolsveginum sem hétu áður Norðurstofa og Suðurstofa, fengu ný nöfn á sama tíma og heita nú Draumaland og Óskaland.

Leikskólinn stækkaði enn frekar í október 2005 þegar bætt var við deild þar sem húsnæði Tónlistarskóla Rangæinga á Hvolsvegi 33 var tekið undir starfsemi leikskólans. Hlaut deildin nafnið Tónaland og þar voru eldri árgangar leikskólans til húsa.

Í ágúst 2008 var hætt að nota Hulduland og var ákveðið að breyta félagsmiðstöðinni sem starfrækt var að Hvolsvegi 33 í leikskóladeild sem hlaut nafnið Ævintýraland. Við þessa breytingu tilheyrði húsið allt nú leikskólanum og þar var tekin í notkun ný og endurbætt starfsmannaaðstaða ásamt eldhúsi.

Þegar sveitarfélögin sameinuðust í Rangárþingi eystra 2002, sameinaðist leikskólinn á Heimalandi leikskólanum Ör. Þann 22. mars 2003 var vígð ný bygging fyrir leikskóladeildina að Heimalandi og hlaut hún nafnið Paradís. Árið 2009 fækkaði nemendum á deildinni mikið og var ákveðið að loka henni þar sem faglegar og fjárhagslegar forsendur voru ekki lengur fyrir hendi. Þeim nemendum sem fyrir voru var þá boðið pláss á Hvolsvelli.

Í Örkinni er rými fyrir um 100 nemendur. Stöðugildi starfsmanna fara eftir fjölda, aldri og viðveru nemendanna sem og sérkennsluþörf hverju sinni.

Leikskólastjóri er Árný Jóna Sigurðardóttir

Aðstoðarleikskólastjóri er Anna Kristín Helgadóttir





2. Grunnþættir menntunar

Markmið leikskólans er að nemendur nái þeim þroska sem þeim er mögulegur í leik- og gleðiríku umhverfi. Leikskólinn starfar samkvæmt lögum um leikskóla (nr. 90/2008) og Aðalnámskrá leikskóla frá árinu 2011. Aðalnámskráin setur ákveðinn ramma um skólastarfið og veitir leiðsögn um tilgang þess og markmið. Í Aðalnámskránni er menntastefnan reist á sex grunnþáttum menntunar. Allir grunnþættirnir eru hafðir að leiðarljósi við gerð námskrárinnar og fléttast inn í allt starf leikskólans og leik og nám nemenda.

Þessir grunnþættir eru:

- **Læsi**; rit- og talmál, samræður, málörvun, umhverfis- og samskiptalæsi.
- **Sjálfbærni**; samfélagsleg ábyrgð, umgengni, virðing og skilningur fyrir umhverfi og heilbrigði.
- **Heilbrigði og velferð**; andleg og líkamleg heilsa, umhyggja, hreinlæti, útivera, jákvæð sjálfsmynd, virðing fyrir sjálfum sér.
- **Lýðræði og mannréttindi**; jafnrétti, hafa áhrif og val, félagsleg hæfni, rökræður/gagnrýni, taka afstöðu, virkni og þátttaka.
- **Jafnrétti**; að allir njóti sömu réttinda og virðingar óháð t.d. kyni, trú og litarhætti.
- **Sköpun**; listsköpun, leikur, vísindi, upplýsingatækni.



3. Leiðarljós leikskóla

Menntamálaráðuneytið gaf út nýja Aðalnámskrá leikskóla í maí 2011 og leysti hún af hólmi fyrstu Aðalnámskrá leikskóla, sem gefin var út í júní 1999. Fyrri hluti nýrrar Aðalnámskrár er sameiginlegur fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla en seinni hluti hennar er fyrir hvert skólastig fyrir sig. Í nýrri Aðalnámskrá birtist sú menntastefna að rækta skuli með markvissum hætti þá þekkingu, leikni og viðhorf sem nemendur þurfa til að vera gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í jafnréttis- og lýðræðissamfélagi. Kjarni menntastefnunnar er settur saman úr grunnþáttunum sex og er sérstök áhersla lögð á lýðræði og jafnrétti og litið svo á að nemendur séu fullgildir þátttakendur í samfélagi leikskólans og eiga sem slíkir að fá tækifæri til að koma að lýðræðislegum ákvörðunum sem varða leikskólastarfið sjálft. Leikskólinn er jafnframt mikilvægur vettvangur til að jafna uppeldisaðstæður nemenda.

Menntastefnur eru margar og fjölbreyttar. Við höfum í leikskólanum valið okkur hugsmíðahyggju til að vinna eftir sem við teljum að henti vel okkar faglegu sýn. Leikskólastarf er í stöðugri þróun en í Aðalnámskránni er einmitt lögð áhersla á að kennarar og stjórnendur í leikskólum fái svigrúm til að þróa leikskólastarfið á faglegan og skapandi hátt. Samkvæmt lögum ber hverjum leikskóla að vera með eigin skólanámskrá og var veturinn 2013-2014 nýttur til að uppfæra hana í samræmi við núgildandi aðalnámskrá. Námskráin skal vera sáttmáli um uppeldi og nám í leikskólanum og komu allir starfsmenn skólans að endurmati og endurvinnu á nýrri skólanámskrá.

Leikskólinn er skilgreindur sem fyrsta skólastigið og leikskólaaldurinn er mikilvægur tími fyrir nám og þroska nemenda. Þegar leikskólanemandinn hefur leikskólagöngu sína er hann að stíga sín fyrstu skref í félagslegu umhverfi. Áherslu ber að leggja á styrkleika nemenda og hæfni þeirra en um leið þörf þeirra fyrir leiðsögn og hvatningu fullorðinna. Samvinna, traust og jákvætt samstarf foreldra og leikskóla er grundvöllur að farsælu leikskólanámi og því mikilvægt að allir aðilar myndi öflugt teymi, sem sameinist um velferð og námsframvindu nemenda. Lögð er áhersla á að fylgjast með og efla alhliða þroska nemenda, að námsumhverfið sé hvetjandi og stuðli að öryggi þeirra og vellíðan.

Unnið er að þessum þáttum í leik og hvetjandi umhverfi en leikurinn er okkar helsta og besta kennsluáferð. Markmið leikskólans eru:

- að veita nemendum hlýju, umhyggju, öryggi og aga.
- að efla sjálfstæði, samkennd og lífsleikni.
- að efla alhliða þroska nemendanna.
- að stuðla að góðri samvinnu við foreldra.
- að viðhalda starfsgleði í leikskólanum.



4. Leikur einn

Kjörorð leikskólans eru „Leikur einn“.

Þessi kjörorð lýsa afstöðu okkar og hugmyndum til leikskólastarfsins.

- **Leikur:** Leikurinn er númer eitt og hann er það sem starf okkar byggist á. Börn læra best í gegnum leik og í frjálsum leik geta þau óhindrað unnið að verkefnum sem reynsla þeirra og þroski gefa tilefni til.
- **Viðhorf:** Kjörorðin gefa í skyn viðhorf okkar til verkefna og náms nemenda. Vinnan á að vera í samræmi við aldur og þroska þannig að hvorki verkefni né leikefni séu of einföld eða of þung, heldur krefjandi og spennandi og hjálpi nemendum að þroskast áfram.
- **Skólabragur:** Í þriðja lagi gefur þetta til kynna hvernig skólabrag við viljum sjá í leikskólanum. Leikandi létt andrúmsloft þar sem samvinna, samábyrgð, traust og gleði ríkir milli samstarfsfólks, kennara og nemenda og innan nemendahópsins.



5. Hugmyndafræði

Uppeldisstefna Arkarinnar er byggð á hugmyndafræði hugsmíðahyggju. Til þess að ná fram þeim þáttum sem við viljum, leggjum við áherslu á leik, könnunaraðferð og könnunarleik, auk þess sem allt starf okkar miðast við þessa hugmyndafræði.

5.1. Hugsmíðahyggja

Hugsmíðahyggja er samsafn kenninga um nám. Þar má meðal annars nefna kenningar Jean Piaget og Lev Vygotsky um uppbyggingu þekkingar og einnig kenningu John Dewey um nám á forsendum nemandans og þeirrar reynslu sem hann verður fyrir. Hugsmíðahyggja snýst um að nemendur séu virkir og læri með því að nota fyrri hugmyndir sínar og byggja þannig upp reynslu, þekkingu, færni og viðhorf. Þeir nýta reynslu sína og mynda úr henni heildstæðan skilning. Raunverulegur skilningur felur í sér að nemandinn tengir nýtt nám við fyrri reynslu og þekkingu. Þannig verður til ný þekking þar sem þetta tvennt tengist saman í órjúfanlega heild. Hugmyndafræðin felur í sér að skólastarf eigi ekki að snúast um að mata nemandann á upplýsingum og staðreyndum heldur að hann tileinki sér þekkingu og skilning og verði virkur aðili að eigin uppbyggingu félagslegrar færni, siðgæðis- og vitsmunaprofna. Í skólastarfinu er lögð áhersla á ígrundun, lausnaleit, rökhugsun, skilning og beitingu þess sem lært hefur verið. Með því verða nemendur leitandi og gagnrýnir, kunna að leita lausna og upplýsinga, taka ígrundaðar ákvarðanir sem byggðar eru á gildismati og breyta síðan í nýja þekkingu.



5.2. Könnunarnám/könnunaraðferð (Project approach)

Aðalmarkmið könnunaraðferðarinnar er að þroska huga ungra nemenda og þá er ekki einungis verið að tala um hæfni og þekkingu, heldur líka um tilfinningalega-, siðferðilega- og fagurfræðilega þætti. Nemendum er hjálpað við að afla sér upplýsinga um viðfangsefnið og hugtök eru skilgreind þannig að nemendur geri sér grein fyrir tengslum og merkingu viðfangsefnisins. Nemendur eru hvattir til að spyrja spurninga og eru á móti spurðir opinna spurninga og fá aðstoð við að leita svara. Þessi uppeldisfræðilega nálgun gerir nemendum kleift að byggja upp þekkingu án beinnar kennslu. Hlutverk kennarans er að skipuleggja og leiða verkefnið áfram á forsendum nemendanna. Hann þarf að vera vakandi fyrir spurningum, ræða þær hugmyndir sem koma upp og setja fram tilgátu um það sem verið er að athuga. Lögð er áhersla á uppgötvunarnám nemandans þannig að þekkingin/færnin verði hluti af þroska þess en ekki einungis utanaðkomandi þekkingarmoli sem síður nær að festa rætur (Katz og Chard 1990:73-74). Könnunaraðferðinni er skipt upp í þrjú stig: upphaf, miðju og endi.

1.stig: Upphaf

Kveikjan að verkefninu er fundin og viðfangsefnið afmarkað. Nemendur segja frá reynslu sinni og sýna um leið hvaða skilning þeir leggja í hugtök sem koma fram. Hugmyndir nemendanna sem fram koma í umræðum eru skrifaðar niður og tengdar saman í þekkingarvef. Vinnuspurningar eru settar fram og verkefnið kynnt.

2.stig: Miðja

Á þessu stigi fer rannsóknarvinnan fram. Nemendur leita svara, athuga, skrá og ræða um verkefnið. Farið er í vettvangsferðir og því er jafnvel komið í kring að þau geti talað við sérfræðinga um efnið.

3.stig: Endir

Endurskoðun og mat á því hvernig til tókst. Kennarinn aðstoðar nemendur við að velja efni til kynningar, þar sem ferlinu er miðlað áfram og niðurstöður dregnar fram. Niðurstaða verkefnis getur kveikt hugmynd að næsta verkefni.



5.3. Könnunarleikur „Heuristic play with objects“

Elinor Goldschmied er breskur uppeldisfræðingur sem hefur útfært þá aðferð sem könnunarleikurinn er byggður á. Hugtakið „heuristic“ er að uppruna gríska orðið „eurisko“ sem þýðir „til að uppgötva“ eða „öðlast skilning á“. Nemendur á öðru og þriðja ári hafa mikla þörf fyrir að rannsaka og uppgötva á eigin spýtur, kanna umhverfi sitt, uppgötva eiginleika og eðli hluta á eigin forsendum og hvernig hlutir haga sér þegar þau stjórna þeim. Markmið könnunarleiksins er að nemendur fái að starfa af eigin hvötum, örva öll skynfæri og fái útrás fyrir meðfædda forvitni sína en til þess



þarfnast þeir fjölbreyttra hluta til að geta stundað þessar rannsóknir sínar. Safnað er saman alls konar „verðlausum“ hlutum en ekki tilbúnum leikföngum. Nemendur velja sér hluti og nota þá á margan hátt, skoða, gera tilraunir og leika sér ótruflaðir án íhlutunar kennarans en hlutverk hans er að vera áhorfandi að leik nemenda, fylgjast með og skrá niður leikferli þeirra. Í leiknum örva þeir athyglisgáfuna og skynfæri sín m.a. með því að hlusta, snerta og skoða. Tíminn sem er notaður í tiltekt er ekki síður mikilvægur en leikurinn sjálfur því í gegnum tiltekt læra nemendur að para saman og flokka en hvorutveggja er undirstaða stærðfræðináms. Í tiltekt fer einnig fram mikil málörvun þar sem nemendur læra að tengja orð við hluti og aðgerðir og æfa hugtakaskilning (Könnunarleikur með hluti, 2014).

6. Námssvið leikskólans

Námssvið leikskólans skulu vera samofin öllu starfi og vera byggð á grunnþáttunum sex. Þau eru:

- Læsi og samskipti
- Heilbrigði og vellíðan
- Sjálfbærni og vísindi
- Sköpun og menning

6.1. Læsi og samskipti

Börn eru félagsverur og til þess að eiga samskipti við aðra nota þau ýmsar aðferðir. Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni nemenda til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt. Læsi í víðum skilningi er mikilvægur þáttur samskipta og felur í sér að nemandinn búi yfir þekkingu, hafi færni til að skynja og skilja og geti sett orð á það sem hann upplifir og sér. Lögð er áhersla á að gera nemendur færa í að lesa úr öllum þeim skilaboðum, samskiptum og táknum sem þeir taka við í daglegu lífi og hvernig þeir geta nýtt reynslu sína og þekkingu til að vinna úr þeim.

- **Lestur:** Í leikskólanum er unnið með bernskulæsi þar sem ákveðin færni, þekking og viðhorf þróast sem undanfari læsis. Nemendur læra að ritmál hefur tilgang og merkingu og að talmál og ritmál tengjast órjúfanlegum böndum. Bernskulæsi inniheldur hefðbundna læsisþætti sem þróast jafnhliða og hafa víxlverkandi áhrif hver á annan, þeir þættir eru m.a. málþroski, tilgangur og hlutverk ritmáls, bókstafaþekking og ritun, hljóðkerfisvitund, tengsl lesturs og máls og skilningur á uppbyggingu texta (Halldóra Haraldsdóttir, 2014). Bækur, skriffæri og blöð eru aðgengileg og notuð á fjölbreyttan hátt í starfinu. Bók- og sögulestur ásamt fjölbreyttum spilum og leikjum ýta auk þess undir aukin lestraráhuga og unnið er með þann áhuga og byggð upp aukin færni.
- **Markviss málörvun:** Eitt af markmiðum leikskólans er að efla málþroska og hljóðkerfisvitund nemenda og vinna með hlustun, tjáningu og frásögn. Kennarar leitast við að setja orð á athafnir, eiga í og ýta undir samskipti og samræður. Ýtt er undir læsi, ritun og samskipti í frjálsum leik og nemendur starfa í læsishvetjandi umhverfi þar sem hlutir eru merktir með ritmáli og nemendur hafa aðgang að lestrar- og skriftarhvetjandi efnivið. Áhersla er lögð á lestur bóka, sögur og sögugerð, þulur og vísur, söng, rím og hugtakaskilning. Á yngri deildum er Tákn með tali notað til að styðja við talað mál auk þess sem myndir eru mikið notaðar sem kveikjur að samræðum.



- **Samskipti:** Nemendum er gefið svigrúm til að þess að tjá sig með ýmsum hætti og eiga uppbyggileg samskipti við aðra. Unnið er með samskipti, tjáningu, framkomu og framsögn á markvissan hátt, til að auka öryggi þeirra í samskiptum.

- **Umhverfislæsi:** Nemendur læra að lesa og vinna úr upplýsingum úr umhverfi sínu og leikskólans, fylgjast með veðri og náttúru og átta sig á hvaða skilaboð er hægt að lesa úr því. Gönguferðir þar sem nánasta umhverfi, staðhættir og landslag er kannað eru stór þáttur í starfinu.

- **Upplýsingatækni:** Hinir ýmsu miðlar s.s. bækur, tímarit, myndefni og tölvur eru nauðsynleg hjálpartæki þegar kemur að því að afla sér ítarlegri upplýsinga og nemendum er kennd grunnfærni til að nýta sér þessi verkfæri í námi sínu. Nemendur hafa aðgang að tækjum og miðlum sem gera þeim kleift að bæta við, efla og miðla þekkingu sinni.



6.2. Heilbrigði og vellíðan

Hugtakið heilbrigði skilgreinist sem andleg, líkamleg og félagsleg vellíðan. Heilbrigði og velferð ráðast af samspili einstaklings og umhverfis. Í leikskóla læra nemendur um og tileinka sér heilbrigða lífshætti, gildi hreyfingar, hollt mataræði, hvíld og mikilvægi hreinlætis. Einnig læra þeir gildi góðra samskipta auk þess sem kennarar leitast við, í samstarfi við foreldra, að byggja upp jákvæða og sterka sjálfsmynd. Kennarar eru vakandi fyrir einkennum hverskonar misnotkunar, vanlíðunar eða öðru sem betur mætti fara í umönnun nemenda og vinna úr því eins og reglur gera ráð fyrir, sé þörf á inngripum.

- **Sjálfsábyrgð:** Í gegnum leik læra nemendur að eiga jákvæð og gefandi samskipti við aðra, leysa ágreiningsmál sín á milli, læra að taka ábyrgð á eigin hegðun og viðbrögðum. Nemendur læra að þekkja styrkleika sína og öðlast þannig færni til að vinna með veikleika sína. Að þekkja sjálfan sig og bera virðingu fyrir sjálfum sér og líkama sínum myndar góða sjálfsmynd. Þannig öðlast nemendur aukið traust og þor til að taka ákvarðanir og standa við þær. Nemendur eru þátttakendur í að halda umhverfi sínu snyrtilegu með því að taka saman og ganga frá eftir sig, allt eftir aldri þeirra og þroska.
- **Hreyfing:** Hreyfing og vellíðan hafa jákvæð áhrif á samskipti nemenda, umgengni þeirra við umhverfi sitt og hæfni þeirra til að takast á við daglegt líf og nýjar aðstæður. Nemendur hafa mikla þörf fyrir að fá að hreyfa sig frjálst og óhindrað enda er hreyfing öllum eðlislæg auk þess sem hún eykur vellíðan þeirra, gleði, snerpu og þol og styður við líkamlegan og andlegan þroska þeirra. Góð hreyfigeta og vellíðan nemenda styður auk þess við sjálfsmynd þeirra og eflir sjálfstæði þeirra í daglegum athöfnum. Hreyfiþjálfun fer fram í frjálsum leik og hópleikjum í útiveru, göngutúrum og hreyfileikjum í nánasta umhverfi leikskólans auk þess sem skipulagðar hreyfistundir eru einu sinni í viku.



- **Heilbrigði:** Líkamleg og andleg hvíld og hollt og næringarríkt fæði er nauðsynlegt til þess að nemendur geti tekist á við daginn og verkefni hans á sem bestan hátt. Umræða um heilsufarsleg mál, andleg sem líkamleg, hafa mikið forvarnagildi og vekja nemendur til umhugsunar. Þekking og upplýsingar hjálpa nemendum síðar meir að taka ákvarðanir varðandi eigin heilsu og réttindi.
- **Vellíðan:** Leitast er við að hver nemandi fái stöðugt við viðfangsefni við sitt hæfi. Mikilvægt er að samskipti nemenda bindi þau vináttuböndum og styrki samkennd þeirra. Í leikskólanum er það talinn ávinningur fyrir alla að eiga þar fjölbreytt samfélag.
- **Foreldrasamstarf:** Í samvinnu mynda kennarar, foreldrar og nemendur skólabrag sem getur skipt sköpun fyrir líðan allra þeirra aðila sem að skólanum koma. Þátttaka foreldra í skipulagi skólastarfs og mótun skólastefnu er mikilvæg þegar kemur að því að skapa góðan skóla og getur haft sömu áhrif og besta forvarnarstarf. Traust og góð tengsl nemenda og kennara frá upphafi skólagöngu stuðla að öryggistilfinningu og vellíðan nemenda.

6.3. Sjálfbærni og vísindi

Markmið sjálfbærni er að nemendur og starfsfólk átti sig á að þau vistspor, sem sérhver einstaklingur skilur eftir sig skipta miklu máli – í nútíð og framtíð. Réttast er að leitast við að uppfylla þarfir sínar á hverjum tíma án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að gera slíkt hið sama. Vekja skal áhuga nemenda fyrir fegurð náttúrunnar og efla virðingu fyrir henni og ábyrgðarkennd. Til að læra að lesa náttúru og samfélag þarf fólk að upplifa, skoða og skilja umhverfi sitt en forsenda þess að fólk vilji vernda náttúruna er að kynnast henni.

- **Umhverfisvitund:** Við stefnum að umhverfisvitund þar sem fólk skynjar hvaða hegðun er við hæfi í náttúru og samfélagi og sýni bæði fólki og umhverfi tillitsemi, virðingu og kurteisi. Grunnvistkerfi jarðar er tiltölulega einfalt og er allsstaðar það sama. Mikilvægt er að þekkja þessa hringrás og gera sér grein fyrir að sumt sem við gerum er óafturkræft á meðan annað er endurnýtanlegt. Jörðin er einstök og hana verður að virða og fara vel með svo hún nýtist okkur og öllum öðrum í framtíðinni líka. Kennurum ber að vera fyrirmynd nemenda, efla umhverfislega vitund þeirra, útskýra tengsl manns og náttúru og skapa nemendum möguleika á að uppgötva og upplifa umhverfið. Það er gert með því að kanna umhverfið á þann hátt sem er nemendum eðlislægt þ.e. með því að snerta, horfa, hlusta, bera saman, flokka, rannsaka, draga ályktanir og upplifa um leið og þeim er kennt að sýna náttúrunni virðingu og alúð.
- **Nærumhverfið:** Nærumhverfi okkar og samfélag býður upp á ótal möguleika og vettvangsferðir, þar sem náttúran og allt lífríki hennar er skoðað og kannað og möguleikar okkar til að hafa áhrif eru metnir. Í leikskólanum er leitast við að nota nærumhverfið sem mest með útikennslu og vettvangsferðum þar sem rými, fjarlægðir og áttir eru skoðaðar. Efniviður er endurnýttur og nemendum innrætt að vera nýtin, hófstíllt og tileinka sér að ekkert verður til úr engu. Mikilvægt er að nemendur læri að hver og einn getur haft áhrif og að margt smátt gerir eitt stórt.
- **Árstíðir:** Að skilja náttúruna, upplifa árstíðir hennar, veðráttu, krafta og mikilfengleika - sem við á okkar svæði höfum ekki farið varhluta af krefst innsýnar í heim vísindanna. Ýta ber undir vísindalega hugsun og aðstoða nemendur við að sjá tengsl, orsök og afleiðingu og styrkja skilning þeirra á hugmyndum og hugtökum.
- **Vísindi:** Skapa skal aðstæður svo nemendur fái tækifæri til að vinna með og velta vöngum yfir stærðfræðilegum viðfangsefnum, s.s. tölum, táknum og mynstrum og eiginleikum ýmissa efna og hluta. Einnig möguleikum og takmörkunum tækninnar og hvernig við öflum okkur upplýsinga með því að skoða, rannsaka, prófa og draga ályktanir.



6.4. Sköpun og menning

Sköpun er veigamikill þáttur í námi og þroska nemenda. Þegar nemendur eru að kanna og læra nota þau öll skilningarvit og þá hreyfifærni sem þau búa yfir. Hlutverk kennara er að skapa aðstæður og jákvætt andrúmsloft sem gera þeim kleift að vinna úr og fá útrás fyrir upplifanir og reynslu. Með því að vinna með fjölbreytta sköpun geta nemendur tjáð sig á eigin forsendum starfað af eigin hvötum, fengið útrás fyrir meðfædda forvitni sína og nálgast viðfangsefnin frá mörgum hliðum. Þannig ýtum við undir skapandi hugsun og sjálfstæði í vinnubrögðum.

- **Ferlið:** Skapandi starf á fyrst og fremst að beinast að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað þegar tilfinningar, ímyndun og hugmyndir lifna við en ekki útkomunni. Umhverfi leikskólans á að örva skynjun og styðja við sköpunarkraft nemenda. Tækifæri eru nýtt til að tvínnu listsköpun inn í leik og annað starf, virkja ímyndunaraflíð og leika sér með möguleika þess. Auðveldast er að meðtaka þekkingu þegar umhverfið er jákvætt og styðjandi.
- **Sköpun:** Opinn efniviður, verðlaust efni sem til fellur og vísindi ýta undir hugmyndaflug og sköpunargleði og þannig skapast aðstæður sem reyna á rökhugsun og lausnaleit nemenda. Nemendur skapa ýmist einir eða í hóp.
- **Tjáning:** Gefa þarf rými og tíma fyrir skapandi tjáningu þar sem nemendur geta unnið. List er mikilvægur tjáningarmiðill og getur verið frásögn, tjáning, myndlist, tónlist, dans, leiklist, miðlun gengum tölvur, söngur, hönnun o.fl. Nemendur tjá og túlka reynslu sína og endurspeglar þannig hugarheim sinn og þroska. Markmiðið er ekki að skapa listamann heldur skapandi og sjálfstætt hugsandi einstakling.
- **Menning** er samofin öllu starfi leikskóla og tengist leik, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu. Menning fléttast inn í allt starf leikskólans og nemendur kynnast menningunni og samfélaginu sem þeir lifa í út frá eigin þroska og áhuga. Við heimsækjum söfn, vinnustaði, dvalarheimili og

þjörgunarsveitir í samfélaginu okkar og kynnumst sögu þess og sérkennum. Nemendum frá öðrum menningarsvæðum er kennt að vera virkir þátttakendur í hinu nýja samfélagi án þess að þeir glati tengslum við eigin menningu.

- **Hefðir** eru ákveðin menning og tengsl við sögu okkar og fortíð. Í íslensku þjóðlífi eru ýmsar hátíðir og hefðir sem nemendur kynnast og taka þátt í á heimilum sínum og í leikskólanum. Leikskólinn leitast við að halda í þær hefðir sem mynda menningararf okkar, þannig að nemendur kynnist þeim og læri að virða. Við tökum þátt í uppákomum og hátíðum í samfélaginu og búum einnig til okkar eigin í leikskólanum.



7. Nám í leikskóla

7.1. Leikur

Leikur er aðal náms- og þekkingarleið nemenda og er hornsteinn leikskólastarfsins. Sérstaða leikskólanáms er sú viðurkenning að nemendur læri í gegnum leik og eðlilegt tjáningarform þeirra er frjáls og sjálfsprottinn leikur. Allt sem gert er með nemendum í leikskólanum fer fram í gegnum leik á þeirra forsendum.



Nemendahópurinn samanstendur af ólíkum einstaklingum af mörgum þjóðernum og með mismunandi bakgrunn. Nemendur tjá tilfinningar sínar í leik og yfirfæra eigin þekkingu og reynslu inn í leikinn. Þeir öðlast skilning á jafnrétti, sjálfstæði og lífsleikni og að virða ólíka einstaklinga. Leikurinn felur í sér stöðugt nýja þekkingu, áskorun og leikni. Í leik læra nemendur samskipti og samvinnu, að deila með öðrum og skiptast á. Leikumhverfi leikskólans er skipulagt þannig að þar geti ríkt gleði, virkni og vinátta. Áhersla er lögð á hlutverk kennarans í leikjum nemendanna, ekki sem stjórnanda heldur til að veita þeim öryggi, setja orð á athafnir, örva leikinn og taka þátt í honum á forsendum nemendanna. Á þann hátt kynnist kennarinn nemendum betur og hefur næmari skilning á þörfum þeirra og líðan.

Leikurinn skapar nemendum tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt og þróa félagsleg tengsl við aðra nemendur. Í bernsku er það að leika sér það sama og að læra og afla sér þekkingar. Hinn frjálsi og sjálfsprottni leikur nemandans er talinn „leikur leikjanna“. Í frjálsum leik er nemandinn að skapa leikinn úr eigin hugarheimi, hann tekur ákvarðanir á eigin forsendum og leitar lausna. Þar sem nemendahópurinn er stór eru aðstæður fyrir frjálsan leik skipulagðar og á eldri deildum er notast við valtoflur sem sýna hvað er í boði hverju sinni og eru viðfangsefnið ýmist valin af nemendum eða kennurum.

7.2. Félagsfærni

Í leikskólanum er unnið með félagslega færni í gegnum leik og er könnunaraðferðin góð leið til að styrkja hana s.s. með hópavinnu, samræðum, að deila upplýsingum og reynslu og komast að samkomulagi. Félagsleg færni gengur m.a. út á að læra að gefa og þiggja, eiga vini, eiga samskipti við aðra og læra að skilja orsök og afleiðingu. Nemendur þurfa að læra að takast á við bæði velgengni og mistök og geta greint frá tilfinningum sínum. Í leikskólastarfi er lífsleiknikennsla rauður þráður í öllum þáttum leikskólastarfsins, frá hinu einfalda til hins flókna. Til þess að félagsfærnikennsla verði sem markvissust í leikskólanum er unnið með ART kennslu en þar er farið í þættina félagsfærniþjálfun, sjálfstjórn og eflingu siðferðis enda hafa rannsóknir sýnt að með því að vinna markvisst og samhliða með þessa þætti er hægt að kenna nemendum og fullorðnum að temja sér betri samskipti (ART þjálfun á Suðurlandi, 2014).

„Til að öðlast lífsleikni þarf nemandinn að læra

- undirstöðuatriði heilbrigðs lífs og lífsviðhorfa í samneyti við jafningja í leik og starfi
- að bera virðingu fyrir öðrum
- að sýna umburðarlyndi gagnvart ólíkum skoðunum, ólíkri menningu og reynslu
- að þekkja sinn innri mann og styrkja sjálfstraust sitt
- að auka færni sína til samskipta og umgengni við félagana
- að beita röklegri hugsun, spyrja spurninga og leita svara
- að virða lífsgildi, venjur og hefðir sem ríkja í leikskólanum og í samfélaginu
- að í samskiptum manna er nauðsynlegt að hafa reglur sem ber að virða
- að bera virðingu fyrir náttúrunni – umhverfinu, dýrum og jurtum“.

(Aðalnámskrá leikskóla, 1999, bls. 17)



7.3. Daglegt líf

Í leikskóla fer fram samþætt nám þar sem nemendur læra við mismunandi aðstæður. Dagskipulagið myndar ramma og festu yfir daginn og eru daglegar venjur og almenn ummönnun stór hluti af leikskólastarfinu en þannig vinna kennarar að uppeldis- og námsmarkmiðum leikskólans. Kennarar sýna nemendum umhyggju, hlýju, virðingu og áhuga en með slíkri umönnun skapast tilfinningatengsl og trúnaðartraust. Lögð er áhersla á að efla sjálfshjálp og sjálfstæði í daglegum athöfnum og hvetja nemendur til að vera eins sjálfbjarga og sjálfstæða og þroski þeirra og færni leyfir.

Að koma og fara

Lögð er áhersla á að taka vel á móti hverjum nemanda svo hann finni sig velkominn í leikskólann. Góðar móttökur og kveðjur í lok dags gera það að verkum að foreldrar og nemendur upplifa sig velkomin í leikskólann og skapa öryggi og gleði. Með persónulegri nánd stuðlum við að jafnvægi nemenda og brúun milli heimilis og skóla.

Borðhald

Hollt og næringarríkt fæði gefur kraft og fyllingu til að takast á við verkefni dagsins. Matartímar og borðhald hafa mikið uppeldislegt gildi því þar gefast gjarnan tækifæri á skemmtilegri og fræðandi umræðu. Í leikskólanum matast kennarar með nemendum og áhersla er lögð á almenna borðsiði og að þeir verði sjálfbjarga við matarborðið og læri að taka tillit til annarra. Eldri nemendur leggja á borð, skammta sér sjálfir á diskana, nota hnif og gaffal, hella í glasið sitt, aðstoða hver annan og ganga frá, allt eftir þroska þeirra og getu.



Að klæða sig í og úr

Nemendum er gefinn góður tími til að klæða sig en fá þá hjálp sem þau þarfnast, það eykur sjálfstæði þeirra og styrkir sjálfmynd. Það er fylgst með að klæðnaður þeirra sé í samræmi við veður og einnig er þess gætt að hann hindri ekki hreyfingar þeirra í leik. Áhersla er lögð á snyrtilega umgengni og frágang.

Frágangur og snyrtimennska

Nemendur eru þátttakendur í undirbúningi að ýmsum verkefnum, t.d. með því að sækja sér efnivið og að leik loknum taka þau saman og ganga frá eftir sig, allt eftir aldri þeirra og þroska.

Hreinlæti

Hreinlæti er mikilvægur þáttur í daglegu lífi nemendanna og þá sérstaklega handþvottur eftir salernisferðir og útiveru. Reynt er að gæta hreinlætis í hvívetna, ekki síst með tilliti til smithættu.



Svefn og hvíld

Hvíld er öllum nauðsynleg til að geta viðhaldið andlegri og líkamlegri heilsu. Nemendur þurfa að endurhlaða líkama sinn með slökun og hvíld af og til yfir daginn eftir þörfum. Hvíldartími er í leikskólanum um hádegisbil og er skipulagður eftir þörfum hvers og eins. Yngstu nemendurnir sofa en þau eldri eiga rólega stund, hlusta á sögu eða tónlist, fást við verkefni í rólegu og þægilegu andrúmslofti. Á yngri deildum hefur hver nemandi sína dýnu, kotta og teppi og kennarar liggja með þeim.



7.4. Lýðræði og jafnrétti

Í leikskólastarfi skulu lýðræðisleg vinnubrögð höfð að leiðarljósi í öllu starfi. Við viðurkennum og tökum tillit til þess að allir eru ólíkir og hafa misjafnar skoðanir og ólíkan bakgrunn. Hugsmíðahyggjan og vinna með könnunaraðferð styðja við og efla lýðræðisleg vinnubrögð en markmið okkar er að byggja upp góða og gilda einstaklinga sem taka þátt í og móta lýðræðislegt samfélag í framtíðinni.

„Þarfir og áhugi sem börn láta í ljós á fjölbreyttan hátt eiga að vera sá grunnur sem mótar umhverfi og starfshætti leikskólans. Í samstarfi við önnur börn og fullorðna skiptast þau á skoðunum, finna lausnir og miðla málum“ (Aðalnámskrá leikskóla 2011:35).



- **Jafnrétti** nær til margra þátta eins og aldurs, búsetu, fötlunar, kyns, litarháttar, menningar, trúarbragða, tungumála og fl. Í leikskólanum á að fara fram menntun til jafnréttis þar sem fjallað er um hvernig ofangreindir þættir geta skapað mismunun eða forréttindi í lífi fólks. Áherslu ber að leggja á að drengir og stúlkur eigi jafna möguleika. Hvergi í skólastarfinu, hvorki í inntaki né starfsháttum, ættu að vera hindranir í vegi annars hvors kynsins. Í leikskólanum birtist jafnrétti m.a. í könnunaraðferðinni, útvistartímum, frjálsum leik og valstundum. Í þessum stundum eru það nemendur sjálfir sem ráða ferðinni án íhlutunnar starfsfólks þó svo að það sé ávallt til staðar á þeirra forsendum. Í leik tjá nemendur tilfinningar sínar og yfirfæra þekkingu og reynslu í leikinn sem þeir hafa sjálfir búið til. Þeir öðlast skilning á jafnrétti, sjálfstæði og lífsleikni og læra að virða ólíka einstaklinga.

- **Lýðræði:** Ýta þarf undir gagnrýna hugsun og leggja áherslu

á að nemendur læri að leita sér upplýsinga í umhverfinu og taki ígrundaðar ákvarðanir um málefni sem unnið er að. Taka skal tillit til ólíkra menningarheima, skoðana og fjölskylduaðstæðna nemenda. Almenn kurteisi og virðing fyrir sér, öðrum og eigum sínum og annarra skulu í hávegum höfð. Nauðsynlegt er að nemendur læri að setja sig í spor annarra og sýni öðrum umburðarlyndi. Umhyggja fyrir fólki, dýrum og umhverfi er hluti lýðræðismenntunar og tengist öllum námssviðum leikskólastarfsins.



8. Sérkennsla

Nemendur með fatlanir eða frávik í þroska fá sérkennslu samkvæmt reglu sem Rangárþing eystra hefur samþykkt og eru unnar með hliðsjón af lögum um leikskóla Nr. 78/1994, lögum um málefni fatlaðra Nr. 59/1992, lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga Nr. 77/2000 og starfslýsingum FL og LN frá 2000. Samkvæmt þeim eiga þeir nemendur sem hafa hlotið greiningu frá viðurkenndum greiningaraðilum og greinast með þroskaraskanir og/eða önnur frávik rétt á ákveðnum fjölda sérkennslustunda í samræmi við greiningar. Leikskólastjóri og sérkennslustjóri úthluta tímum í sérkennslu fyrir hvert skólaár í samræmi við starfsreglur.

Ef grunur vaknar um frávik af einhverju tagi er haft samband við foreldra. Ef ástæða þykir til frekari aðgerða, er í samráði við foreldra barnsins kallaður til leikskólaráðgjafi hjá Skólaþjónustu. Ef þær aðgerðir sem tiltækar eru í leikskólanum bera ekki tilætlaðan árangur, er leitað aðstoðar sérfræðinga Skóla- og félagsþjónustu Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu, sem sjá um frekari greiningu og ef þörf er á er barninu vísað til viðeigandi sérfræðinga. Í leikskólanum er síðan unnið samkvæmt leiðbeiningum þeirra. Sérkennslustjóri ber ábyrgð á gerð einstaklingsnámskrár fyrir öll börn er njóta sérkennslu í samráði við deildarstjóra, foreldra og aðra þá aðila sem koma að kennslu barnsins. Sérkennsla fer fram í minni hópum eða einstaklingstímum, allt eftir þörfum. Helstu ráðgjafar okkar eru sérfræðingar hjá Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, Ráðgjafastofu svæðisskrifstofu fatlaðra, Greininga og ráðgjafastöð ríkisins, Heilbrigðisstofnun Suðurlands o.fl.

8.1. Skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.

Þar starfa 4 starfsmenn í 3,1 stöðugildi, stjórnandi/kennsluráðgjafi grunnskóla, sálfræðingur, kennsluráðgjafi leikskóla og talmeinafræðingur. Sálfræðingurinn er staðsettur í húsnæði félagsþjónustunnar að Suðurlandsvegi 1 – 3 á Hellu, s. 487-8125, en aðrir starfsmenn eru í húsnæði skólaþjónustunnar að Ormsvelli 1 á Hvolsvelli, s. 4878107. Netfangið er skolamal@skolamal.is.

Verksvið skólaþjónustunnar er í samræmi við *lög um grunn- og leikskóla og reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla* auk samþykktar Byggðasamlags um félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.

Sérfræðingar skólaþjónustunnar sinna greiningum á nemendum í leik- og grunnskólum, m.a. almennu þroskamati, mati á hegðun og líðan, málþroskamati og námslegum greiningum s.s. lestrar- og stærðfræðigreiningum. Þeir veita ráðgjöf til foreldra, kennara og annars starfsfólks skóla, m.a. almenna kennsluráðgjöf, ráðgjöf vegna skipulags náms og kennslu einstakra nemenda og uppeldisráðgjöf. Þeir sinna auk þess eftirfylgd með nemendum í kjölfar greininga og sitja í teymum um nemendur með fatlanir, námserfiðleika og aðrar sérþarfir. Talmeinafræðingur sér, auk greininga og ráðgjafar, einnig um tal- og málþjálfun nemenda með málþroskafrávik. Að auki er veitt ráðgjöf til sveitarstjórna og fræðslunefnda um ýmislegt sem lýtur að skólamállum. Sérfræðipjónustan kemur að endurmenntun og fræðslu fyrir starfsfólk skólanna, bæði í formi styttri fræðslufunda og einnig umfangsmeiri námskeiða.

Málum er vísað til skólaþjónustu á til þess gerðum tilvísanaeyðublöðum sem hægt er að sækja á heimasíðunni www.felagsogskolamal.is undir *skólamál – tilvísunareyðublöð*. Til að skólar geti vísað málum einstakra nemenda til sérfræðinga skólaþjónustu þarf skriflegt samþykki foreldra/forráðamanna þeirra að liggja fyrir. Foreldrar geta einnig snúið sér beint til skólaþjónustunnar án milligöngu skóla (Edda G. Antonsdóttir, munnleg heimild, maí 2014).



9. Elstu nemendur leikskólans

Verkefni elstu nemendanna miða að því að mæta þörfum og þroska nemenda sem standa á mörkum tveggja skólastiga. Að vori fer fram formleg útskrift elstu nemendanna og hópurinn fer í útskriftarferð. Starfið breytist töluvert þegar komið er í elsta árgang leikskólans og með auknum þroska eru gerðar meiri kröfur til nemenda.

Markmið starfsins eru:

- Að nemandinn öðlist sterka sjálfsmýnd og sjálfsþekkingu.
- Að nemandinn öðlist færni í að fara eftir reglum og tileinki sér sjálfsaga.
- Að nemandinn læri að virða skoðanir, hlusta á og taka tillit til annarra.
- Að efla rökhugsun og einbeitingu nemandans.
- Að efla formskynjun og hugtakaskilning nemandans.



9.1. Samstarf milli skólastiga

Markvisst er unnið að því að brúa bilið milli leikskóla og grunnskóla með samkenndu beggja skólastiga og viðhalda tengslum milli elstu nemendanna á leikskólanum og yngstu nemendanna í grunnskólanum. Með því að kynna væntanlegan starfsvettvang fyrir leikskólanemendum verða þau öruggari og eiga vonandi auðveldara með aðlögun að nýjum aðstæðum. Leikskólinn Örku hefur átt í farsælu samstarfi við Hvolsskóla við að brúa bilið milli skólastiga og að auka samstarf sín á milli og er sú vinna í sífelldri þróun. Verkefni elstu nemendanna byggja á heildarmarkmiði leikskólans; unnið er út frá sömu hugmyndafræði og aðferðum. Liður í því að undirbúa nemendur fyrir grunnskólagöngu er að fara með þau reglulega í grunnskólann, íþróttamiðstöðina, bókasafnið og tónlistarskólann, með það fyrir augum að þau kynnist aðstæðum, húsakosti, starfsfólki og tilvonandi samnemendum sínum. Einu sinni í viku fara elstu nemendur í hringekju þar sem unnið er í stöðvavinnu. Nemendur taka þátt í smíðjum með 1. bekk Hvolsskóla á vorönn, borða í mótuneyti skólans nokkrum sinnum, taka þátt í þemadögum að vori og mæta á ýmsar sýningar og uppákomur í Hvolsskóla.

Markmið samstarfsins eru:

- Að stuðla að vellíðan og öryggi nemenda á mörkum skólastiga.
- Að væntanlegir grunnskólanemendur fái margvísleg tækifæri til að kynnst aðstæðum og umhverfi Hvolsskóla.
- Að auðvelda grunnskólakennara að byggja á því sem nemendur hafa lært í leikskólanum og miða þannig að aukinni samfellu milli skólastiga.
- Að stuðla að samstarfi starfsmanna beggja skólastiga og auka skilning og virðingu þeirra fyrir starfi hver annars.



9.2. Skólafærninámskeið

Sérstök áhersla hefur verið lögð á þátttöku foreldra í brúun skólastiganna. Svo kölluð skólafærninámskeið eru nýjung sem farið var að stað með haust 2012. Þau eru ætluð foreldrum barna á mörkum skólastiga. Markmið þessara námskeiða er m.a. að koma í veg fyrir það óöryggi sem oft sækir að foreldrum þegar börn þeirra flytjast á milli skólastiga. Að kynna foreldrum þær væntingar sem starfsfólki skólastiganna hefur til þeirra og hvaða hlutverk foreldrum er ætlað af hálfu skólans. Einnig að skapa vettvang fyrir foreldra til að kynnst starfsfólki skólastiganna og kynnst innbyrðis. Foreldrar eru boðaðir á þrjú skólafærninámskeið á seinasta skólaári nemandans. Á námskeiðunum er farið yfir markmið og skipulag vetrarins.

10. Fjölmening

Mikilvægt er að leikskólastarfið endurspegli þann menningarlega margbreytileika sem þar er alla daga ársins. Fjölmeningarlegt leikskólastarf tekur mið af því að allir geta verið með á eigin forsendum þar sem samvinna og samkennd ríkir. Nám, kennsla og samskipti skulu vera án fordóma og af virðingu. Leitast skal við að leikefni sem og umhverfi sýni fjölbreytni í allri sinni mynd. Hafa skal að leiðarljósi að nemendur af erlendum uppruna verði virkir og sjálfbjarga þátttakendur í samfélaginu og geti nýtt sér skólakerfið til jafns á við önnur börn. Móttökuáætlun nemenda af erlendum uppruna tekur til nemenda:

- sem hafa fæðst erlendis.
- sem eiga foreldra af erlendum uppruna.
- sem hafa dvalist langdvölum erlendis.

Fyrsta markmiðið er að finna leiðir fyrir barnið til að skilja og gera sig skiljanlegt. Börn læra tungumál fyrst og fremst í raunverulegum aðstæðum sem þau eru þátttakendur í og þess vegna hafa allir starfsmenn leikskólans hlutverki að gegna í tungumálakennslu. Kennarar nota Tákni með tali og myndrænt skipulag til að styðja við námið. Auk þess tungumálanáms sem fram fer í daglegu starfi þá eiga allir nemendur rétt á sérstakri þjálfun einstaklingslega eða í litlum hópum, ef nauðsyn ber til.

11. Foreldrasamstarf

Leikskólinn er lögum samkvæmt fyrsta skólastigið í menntakerfinu og annast nám nemenda á leikskólaaldri. Foreldrar bera frumábyrgð á uppeldi barna sinna en leikskólanám er viðbót við uppeldi foreldra en er á engan hátt ætlað að koma í stað þess. Á þessum grundvallaratriðum byggist foreldrasamvinna. Hlutverk leikskólans felst í því að veita nemendum leikskólamenntun en jafnframt er leitast við að koma til móts við óskir foreldra svo framarlega að það komi ekki niður á gæðum í starfi leikskólans, aðbúnaði og umönnun. Góð samvinna foreldra og leikskóla er forsenda fyrir árangursríkri dvöl í leikskólanum og góðri líðan nemandans. Samvinna foreldra og leikskóla þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu, opnum samskiptum og góðu upplýsingaflæði til foreldra.


Markmið

- Að rækta samvinnu og samskipti leikskólans og heimilanna
- Að veita foreldrum upplýsingar um starfsemi leikskólans
- Að stuðla að þátttöku foreldra í starfi leikskólans

Allar mikilvægar fréttir og upplýsingar eru settar á heimasíðu leikskólans www.leikskolinn.is/ork, facebook hópa leikskólans eða sendar með tölvupósti. Það er því mikilvægt að foreldrar láti vita ef þeir eru ekki í netsambandi. Fréttir og upplýsingar til þeirra verða prentaðar út og settar í hólf nemendanna. Foreldrar/forráðamenn eru alltaf velkomnir í leikskólann til þess að fylgjast með því sem nemendur eru að starfa í skólanum. Allt starfsfólk leikskólans er bundið þagnarskyldu og þær upplýsingar sem starfsmaður fær um nemandann eru trúnaðarmál. Þagnarskylda helst, þó látið sé af starfi.

11.1. Foreldrafundir og viðtöl

Leikskólastjóri er ekki með fastan viðtalstíma en foreldrar geta ávallt fengið viðtal óski þeir þess. Það sama gildir um deildarstjóra. Vetrarstarf leikskólans er kynnt á foreldrafundi að hausti. Foreldraviðtöl eru einu sinni á ári, nálægt afmælisdegi nemandans og auk þess eru foreldrar boðaðir í óformlegt viðtal eftir aðlögun milli deilda þar sem farið er yfir stöðu nemandans. Óski foreldrar eftir auka viðtali er það er auðsótt. Tilgangur foreldraviðtala er að veita gagnkvæmar upplýsingar um líðan og þroska nemandans. Deildarstjórar eru ávallt í sambandi við foreldra ef ástæða þykir t.d. vegna breyttrar hegðunar eða ef einhverjar áhyggjur vakna.



11.2. Aðlögun

Að byrja í leikskóla er ný reynsla fyrir nemandann og foreldra hans. Allt er framandi og ókunnugt og því er mikilvægt að vel sé staðið að aðlögun í upphafi. Hvernig til tekst í byrjun getur haft áhrif á alla leikskólagöngu nemandans. Á meðan á aðlögun stendur er mikilvægt að foreldrar kynnist starfsfólki deildarinnar og því starfi sem fer fram í leikskólanum. Markmiðið með aðlögunartímanum er að gera nemandann öruggan í nýju umhverfi og að hjálpa honum að tengjast nýju fólki, bæði fullorðnum og öðrum nemendum. Áður en aðlögun hefst mæta foreldrar í viðtal til leikskólastjóra, skoða húsnæðið og setja síðan saman aðlögunaráætlun með deildarstjóra nemandans. Foreldrar yngstu nemenda sem væntanlegir eru í aðlögun, fá bókina Möppudýrið afhenta í fyrsta viðtali til afnota þar til aðlögun er lokið. Möppudýrið er umhverfisvæn taubók sem inniheldur m.a. ljósmyndir af kennurum deildarinnar auk mynda af daglegu lífi og starfi á deildinni. Tilgangurinn er að styðja við aðlögunarferlið og gera foreldra að virkari þátttakendum í því ferli. Deildarstjóri kynnir helstu þætti starfsins og starfsfólk deildarinnar. Aðlögun tekur oftast u.þ.b. viku. Hafa ber í huga að hver nemandi er einstakur og því er engin aðlögun eins. Nemendur af erlendum uppruna þurfa stundum lengri aðlögun og er þeim tryggð móttaka og stuðningur við hæfi. Boðið er upp á túlkþjónustu í fyrsta viðtali og foreldraviðtölum en ávallt er haft samráð við foreldra í þeim efnum.

Nemendur eru öruggari og líður betur í leikskólanum ef foreldrar fylgjast með þeim og kynnast leikskólanum um leið og þau. Þegar nemendur færast á milli deilda eða vistunartími breytist er einnig um aðlögun að ræða, því þar er annað starfsfólk og nemendur sem þarf að kynnast. Þessi aðlögun er oftast stutt og sjá starfsmenn um aðlögunina en mikilvægt er að foreldrar fái að fylgjast grannt með gangi mála. Foreldrar eru boðaðir í viðtal um það bil tveimur mánuðum eftir að aðlögun lýkur þar sem tækifæri gefst til að ræða ýmis mál og svara spurningum sem gætu hafa komið upp.

Mikilvægt er að foreldrar láti vita um allar breytingar á högum og aðstæðum nemenda s.s. veikindum, skilnaði eða fjarveru foreldra, breytt heimilisfang eða símanúmer svo eitthvað sé nefnt. Miklar breytingar á heimilisaðstæðum geta haft áhrif á hegðun og líðan nemenda og því nauðsynlegt að kennarar viti af þeim.

11.3. Foreldrafélag Arkar

Í Örkinni er starfandi foreldrafélag. Markmið félagsins er að efla tengslin milli foreldra og leikskólans og stuðla að samvinnu milli þessara aðila til að tryggja sem best velferð nemendanna í Örkinni. Kosið er í stjórn foreldrafélagsins á aðalfundi að hausti. Í stjórn eru 5 foreldrar og einn fulltrúi starfsmanna leikskólans.

11.4. Foreldraráð

Foreldraráð Leikskólans Arkar starfar samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Í foreldraráði eiga sæti 4 fulltrúar sem kosnir eru á aðalfundi ár hvert. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og fræðslunefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

11.5. Fræðslunefnd

Fræðslunefnd Rangárþings eystra fer með málefni leikskólans. Í fræðslunefnd eru 5 aðalmenn en á fundi fræðslunefndar mæta leikskólastjóri auk áheyrnarfulltrúa starfsfólks.



12. Mat á skólastarfi

Í reglugerð um starfsemi leikskóla segir að sérhver leikskóli skuli móta aðferðir til að meta uppeldisstörf, stjórnunarhætti og samskipti bæði innan leikskólans og utan. Í leikskólanum er starfið metið á fjölbreyttan hátt, jafnt og þétt yfir árið. Kennarar meta starf sitt, nemendur meta vinnu sína, foreldrar meta starf leikskólans og lagðar eru fram ársskýrslur og starfsáætlanir til fræðslunefndar. Þroski nemenda er metinn jafnt og þétt yfir árið með fjölbreyttum þroska- og matslistum.

Einstaklingsmat

Þær matsaðferðir sem við notum til að meta þroska leikskólanemenda eru eftirfarandi og er farið yfir niðurstöður þeirra og þær kynntar foreldrum í foreldraviðtölum sem haldin eru árlega, nálægt afmælisdegi nemandans:

- Færnimat: Óformlegt stöðumat sem fyllt er út af leikskólakennara nemandans einu sinni á ári og nær yfir færni, hegðun og líðan nemandans.
- Hljóm-2: Kannar hljóðkerfisvitund fimm ára nemenda. Lagt fyrir í október ár hvert og aftur í febrúar fyrir þá sem höfðu færni undir meðallagi.
- MOT: Hreyfiþroskaprófið MOT 4-6 metur hreyfiþroska nemenda á aldrinum 4-6 ára. Verkefni eru 18 talsins og kanna líkamsliðleika, samhæfingu, færni, fínhreyfingar, jafnvægi, viðbragðshæfni, stökkkraft, hraða og nákvæmni hreyfinga. Skimun 4 ára nemenda með MOT þroskaprófi er framkvæmt í september ár hvert.
- TRAS: Skráning á málþroska nemenda og er ætlað nemendum frá 2,2 ára aldri. TRAS skráning er ætluð til skráningar í leikskóla og er tilgangur þess að fylgjast með þróun málþroska nemandans. Lagt fyrir alla nemendur á hverju ári.
- Ferilmappa: Verkum eftir nemendur og myndum, sem sýna nám þeirra, er safnað í ferilmöppur sem þau fá síðan afhenta við lok leikskólagöngu sinnar.

Sjálfsmat leikskólans – innra gæðamat

Sjálfsmat leggur faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og er leið til að vinna kerfisbundið að því að auka gæði skólastarfsins og gera það skilvirkara. Tilgangur með mati er að þróa og bæta leikskólastarfið í víðasta skilningi, gera starfsfólk meðvitaðra um starf sitt og leiða það til markvissari vinnubragða.

- Símat fer fram allt starfsárið á starfsmanna- og deildarstjórafundum og er samvinnuverkefni þeirra sem tengjast starfinu.
- Foreldrakönnun er gerð annað hvert ár. Könnunin mælir m.a. viðhorf foreldra gagnvart stefnu, skipulagi og stjórnun leikskólans, hvernig komið er til móts við þarfir nemandans, samskipti, upplýsingar og fæði og húsnæði.
- Starfsmannakönnun er lögð fyrir annað hvert ár og notuð til þess að leggja mat á núverandi aðstæður leikskólans.
- Niðurstöður úr könnunum eru metnar og í framhaldi af því eru unnin markmið og leiðir fyrir komandi starfsár.

Frávik

Vakni grunur hjá starfsfólki leikskólans eða forráðamönnum um að nemandi fylgi ekki jafnöldrum sínum í þroska, hefur leikskólinn aðgang að eftirfarandi matsaðferðum:

- **Íslenski þroskalistinn:** Metur gróf- og fínhreyfingar, sjálfsbjörg, hlustun, tal og nám. Listinn er ætlaður 3ja – 6 ára nemendum og er fylltur út af móður nemandans.
- **Smábarnalistinn:** Metur mál- og hreyfiþroska 15 til 38 mánaða nemenda. Athugunarlisti sem tekur mið af alhliða þroska nemandans, fylltur út af móður.
- **AAL- listinn:** Athugunarlisti fyrir atferli leikskólanemenda, fylltur út af leikskólakennara nemandans.
- **Orðaskil:** Málþroskapróf sem metur orðaforða og setningagerð. Ætlað nemendum frá 18 mánaða til 36 mánaða.
- Auk þess er stuðst við óstöðluð matstæki og óformlegar athuganir, áhorf og viðtöl, til að meta stöðu nemendanna og framfarir.

Niðurstöður þessara prófana ásamt óformlegu mati þeirra sem að málinu koma, sérkennara, starfsfólki, leikskólakennara og sérkennslustjóra, ákvarða næstu skref málsins. Allt mat á stöðu og þroska einstakra nemenda er alltaf gert í samráði við foreldra og þeim kynntar niðurstöðurnar.

13. Ritaskrá

Námskráin er byggð á fyrri námskrá leikskólans Arkar – unnin af Önnu Kristínu Helgadóttur auk hugmynda úr hópavinnu leikskólastarfsmanna um Aðalnámskrá leikskóla frá 2011.

Aðalnámskrá leikskóla 1999/1999

Aðalnámskrá leikskóla 2011/2011

ART þjálfun á Suðurlandi, <http://www.isart.is/wp-content/uploads/2011/04/ART-kynningarbæklingur-á-heimasíðu1.pdf> (skoðað 17. nóvember 2014)

Edda G. Antonsdóttir (forstöðumaður/kennsluráðgjafi). 2014. Tölvupóstur 26. Maí 2014.

Halldóra Haraldsdóttir, Bernskulæsi, <http://lesvefurinn.hi.is/node/135> (skoðað 17. nóvember 2014).

Katz, Lilian G. og Chard, Sylvia C. 1990. *Engaging Children's Minds: The Project Approach*. Norwood: Ablex Publishing Corporation.

Könnunarleikur með hluti, <http://www.leikskolinn.is/bakkaskjol/skjalasafn/bakkaskjol6.pdf> (skoðað 17. nóvember 2014)